

Þriðjudaginn 11. maí 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í stað- og fjarfundi og hófst hann kl.15:45

Mættir voru: Einar Jón Geirsson og Skúli Guðbjörnsson. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Þuríður Sigurðardóttir og Ragnheiður Pálsdóttir voru í gegnum fjarfundabúnað.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

1. Ársreikningur

KPMG hefur útbúið ársreikning Bakkahvamms hses. Óskað er eftir að stofnframlag færist á milli liða en að öðru leyti standi reikningurinn og sé vísað til ársfundar.

Samþykkt

2. Breyting á samþykktum

Önnur málsgrein 5. greinar samþykktar fyrir Bakkahvamm hses verði svohljóðandi:
„Stofnfé stofnunarinnar er kr. 3.000.000, sem er framlag stofnenda félagsins.”

Samþykkt

3. Skýrsla stjórnar

Formanni falið að flytja skýrslu stjórnar á ársfundi Bakkahvamms hses. og gera grein fyrir henni á fulltrúaráðsfundi.

Samþykkt

4. Endurskoðandi

Lögð fram tillaga um að Haraldur Reynisson hjá KPMG verði endurskoðandi Bakkahvamms hses.

Samþykkt

Ekki fleira gert og fundi slitið kl.16:00